

GJALDSKRÁ

fyrir úttektir og vottorð byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðarskoðanir sem gerð eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta, sbr. 48. gr., stöðuúttekta, sbr. 55. gr., lokaúttekta, sbr. 53. gr., meistaraskipta, sbr. 47. gr., og byggingarstjórnarskipta, sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr. | kr. 4.500. |
| B) Fyrir stöðuúttekt sbr. 55. gr. | kr. 9.000. |
| C) Fyrir lokaúttekt sbr. 53. gr. | kr. 9.000. |
| D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta | kr. 4.500. |
| E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjórnarskipta | kr. 9.000. |

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta samkvæmt 2. gr. A-lið áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um foheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðagjöld sem hér segir:

- | | |
|---------------------------|-------------|
| A) Fokheldisvottorð | kr. 14.000. |
| B) Vottorð um stöðuúttekt | kr. 5.000. |
| C) Lokaúttektarvottorð | kr. 5.000. |

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir:

Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr., liðir B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða er fyrir afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmdar á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Miða skal við grunn í október 2001, grunntala 4678.

Við framreikning skal gjaldaupphæð námunduð, samkvæmt almennri reiknireglu í slétt hundrað króna.

11. gr.

Innheimt úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. nóvember 2001 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, tekur gildi þann 1. desember 2001.

Reykjavík, 20. nóvember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.